

Forritun - val á miðstigi

Kennarar: Helga Sigfríður Snorradóttir

| 5, 6, 7

Lýsing

Skólaárið 2018-2019

Markmið:

Að nemendur kynnist undirstöðuatriðum í forritun í gegnum leik og efli þannig sköpunarhæfileika sína og rökhugsun og þjálfist í þrautalausnum.

Námið byggist á verkefnavinnu og búa nemendur til sína eigin leiki/sögur, hvort heldur er í tölvum eða spjalddölvum.

Námsefni:

www.scratch.mit.edu

www.stefjur.wordpress.com

Kennsluaðferðir:

Sýnikennsla, lausnaleitanám, hópvinna.

Kennt er í tölvuveri skólans í 4 hópum og fær hver hópur 2 kennslustundir á viku í 9 vikur.

Kennari nýtir námsumhverfi www.scratch.mit.edu þar sem nemendur geta nálgast öll sín verkefni.

Einnig er stuðst við fyrirlestra og leiðbeiningar á síðunni <https://stefjur.wordpress.com/>

1. tími - Kynning á smáforritinu Box Island þar sem farið er vel í grunnhugmyndir kóðunar.

2. - 7. tími Unnin verkefni í Scratch eftir áhuga og sköpunarþörf hvers og eins.

8. - 9. tími - Val um frjáls verkefni t.d. forritun Sphero kúlna (róbóta).

Námið er einstaklingsmiðað og margar leiðir í boði, bæði hvað varðar verkefnaval og útfærslu, en framangreind verkefni eru aðeins til hliðsjónar.

Námsmat:

Verkefni, þrautseigja og virkni metin til umsagnar.

Upplýsinga- og tæknimennt fyrir 5.-7.bekk - Vinnulag og vinnubrögð

- Nýtt upplýsingaver sér til gagns bæði í stýrðu námi og á eigin forsendum.
- Nýtt rafrænt námsefni á ýmsu formi í tengslum við vinnutækni, vinnulag og annað nám.
- Sýnt sjálfstæði í vinnubrögðum undir leiðsögn og í samvinnu með öðrum.

Upplýsinga- og tæknimennt fyrir 5.-7.bekk - Upplýsingaöflun og úrvinnsla

- Nýtt rafrænt og gagnvirkt námsefni á fjölbreyttan hátt.
- Nýtt hugbúnað og forrit við einfalda uppbyggingu og uppsetningu ritsmíða.

Upplýsinga- og tæknimennt fyrir 5.-7.bekk - Tækni og búnaður

- Nýtt hugbúnað/forrit við myndvinnslu, gerð stuttmynda og hljóð- og tónvinnslu.

Upplýsinga- og tæknimennt fyrir 5.-7.bekk - Sköpun og miðlun

- Nýtt hugbúnað/forrit við miðlun þekkingar á skapandi og skýran hátt.

KENNSLUSKIPULAG

- Forritun